

Stjórnarfundur NS 12/11/2024

1. fundur stjórnar 2024-2025

Staðsetning:

Blanda af netfundi og staðfundi

Mætt:

Breki Karlsson, Auður Alfa Ólafsdóttir, Benjamín Julian, Flóki Guðmundsson, Virpi Jokinen, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Margrét Dóra Ragnarsdóttir, Salka Sól Styrmissdóttir, Sigurður Másson, Stefán Hrafn Jónsson, Þórarinn Stefánsson

Gestir:

Engir gestir

Fjarverandi:

Pálmey Helga Gísladóttir, Guðmundur Gunnarsson

Fundarritari:

Sigurður Másson

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar
2. Fundaform, tíðni og önnur tilhögun
3. Kynning stjórnar
4. Kjör varaformanns, gjaldkera og ritara
5. Umræða um ákvörðun árgjalda 2025
6. Umræða um starfs- og síðareglur stjórnar
7. Framkvæmd aðalfunda
8. Umræða um starfsemi samtakanna frá síðasta fundi
9. Umræða um stöðu fjármála
10. Næsti stjórnarfundur. Lagt er til að verði föstudag 13. des kl. 15:00
11. Önnur mál
12. Fundargerð lesin upp til samþykktar
13. Fundarslit

1. Setning fundar.

- ◆ Formaður setti fund klukkan 17:15.
- ◆ Fundarstjóri var kosinn Breki Karlsson
- ◆ Sigurður Másson var kosinn fundarritari

2. Fundaform, tíðni og önnur tilhögun

- ◆ Samþykkt að hafa mánaðarlega staðar- og netfundi annan þriðjudag í mánuði að jafnaði. Jafnframt var samþykkt að tillögur um "önnur mál" verði bornar upp með amk sólarhrings fyrirvara, nema að meirihluti fundar samþykki annað.
- ◆ Umræður um stjórnarlaun. **Samþykkt að stjórnarmenn þiggi ekki laun fyrir stjórnarsetu.**

- ◆ Eftirfarandi fundartímar voru samþykktir
 - ✓ 13.12.2024 kl. 12.00
 - ✓ 14.01.2025 kl. 17:15
 - ✓ 11.02.2025 kl. 17:15
 - ✓ 11.03.2025 kl. 17:15
 - ✓ 08.04.2025 kl. 17:15
 - ✓ 13.05.2025 kl. 17:15

3. Kynning stjórnar

- ◆ Stjórnarmenn héldu hver um sig stutta kynningu á sér.

4. Kjör varaformanns, gjaldkera og ritara

- ◆ Eftirfarandi einstaklingar voru kjörnir
 - ◆ Varaformaður: Auður Alfa Ólafsdóttir
 - ◆ Gjaldkeri: Þórarinn Stefánsson
 - ◆ Ritari: Sigurður Másson

5. Umræða um ákvörðun árgjalda 2025

- ◆ Umræður fóru fram um félagsgjöld og forsendur þeirra.
- ◆ Formaður og framkvæmdastjóri munu leggja fram gögn um þróun félagsgjalda fyrir næsta fund.
- ◆ Ákvörðun var frestað til næsta fundar.

6. Umræða um starfs- og siðareglur stjórnar

- ◆ Starfs og siðareglur voru sendar fundarmönnum fyrir fundinn.
- ◆ Umræðum var frestað til næsta fundar, þar sem reglurnar verða bornar upp til samþykktar.

7. Framkvæmd aðalfunda

- ◆ Stefán Hrafn opnaði umræður um framkvæmd aðalfunda og hvort eitthvað megi gera til að efla þátttöku félagsmanna í aðalfundum.
- ◆ Umræður um eðli og framkvæmd aðalfunda og hvernig megi efla þátttöku félagsmanna í starfinu.

8. Starfsemi samtakanna frá síðasta fundi

- ◆ Formaður lagði fram stutt yfirlit yfir helstu þætti í starfseminni frá seinasta fundi.
- ◆ Á aðalfundi NS kom fram tillaga um ályktun um mengun í Tjörninni í Reykjavík sem vísað var til stjórnar. Eftir nokkrar umræður um tillöguna og rýni í málið var ákveðið að vísa málinu frá þar sem málið er ekki neytendamál.
- ◆ Tryggingaskýrslan: búið er að skrifa meistararitgerð í hagfræði um málið, en ritgerðin vakti nokkrar spurningar sem rannsaka á nánar. Verið er að leita að aðila til að taka verkið að sér.

9. Staða fjármála

- ◆ Frestað til næsta fundar.

10. Næsti stjórnarfundur

- ◆ Næsti stjórnarfundur er föstudagurinn 13. desember kl. 12:00

11. Önnur mál

- ◆ **Engin önnur mál hafa borist fundinum.**

12. Fundargerð lesin upp til samþykktar

- ◆ **Fundargerð lesin og samþykkt af fundarmönnum.**

13. Fundarslit

Fundarslit kl 18.30